

## **Aðalfundur Hundaræktarfélags Íslands haldinn í reiðhöllinni í Víðidal , laugardaginn 5. maí, kl. 11.**

Mættir á fundinn voru 70 félagsmenn.

Jóna Th. Viðarsdóttir, formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hún bar fundinu kveðju frá Ástrósu Gunnarsdóttur, gjaldkera sem er fjarverandi vegna sjúkrahúsvistar.

### **1. Skipan fundarstjóra og fundarritara.**

Jóna skipaði Hrund Hjaltadóttur fundarstjóra og fundarritara Sigríði Bílddal. Fundarstjóri tók við fundinum og sagðist hafa kannað lögmæti fundarins og taldi hún hann fullkomlega lögmætan.

### **2. Skýrsla stjórnar**

Guðríður Valgeirsdóttir fór yfir skýrslu stjórnar. Hún sagði mikil aukning hefði orðið í starfsemi félagsins m.a. í ættbókarskráningum, fjölda hvolpa, mjaðma- og olnbogamyndatökum og augnskoðunum. Hún nefndi að verið væri að vinna nýja vefsíðu fyrir félagið. Markmiðið væri að auðvelt væri að nálgast allar upplýsingar og auðvelt að skrá á alla viðburði félagsins. Guðríður sagði að verið væri að byggja upp hundaskóla HRFÍ. Ætlunin væri að fá erlenda leiðbeinendur til að kenna leiðbeinendum hundaskólans. 20 nemendur eru skráðir í fyrsta hópinn. Mikil gróska er meðal ungra sýnenda og lenti íslenska liðið í 2. sæti í liðakeppni í Noregi og Þorbjörg Ásta í 3. sæti í einstaklingskeppni. Guðríður sagði að styrktarsjóður Emilíu verði með þjálfun fyrir aðstoðarhunda og leggur HRFÍ til árlegt framlag. Styrkjum úr sjóðnum verður úthlutað árlega.

### **3. Ársreikningar félagsins**

Reikningar félagsins lágu frammi við upphaf fundar. Jóna Th. Viðarsdóttir fór yfir reikningana í fjarveru gjaldkera.

#### **Umræður:**

Lilja Dóra Halldórsdóttir óskaði eftir skýringu á tapinu.

Jóna svaraði að tekjur vegna hundaskólans hafi dregist verulega saman á síðasta ári og hlutdeild þeirra sem sáu um námskeiðin hækkað. Hún vonast til að með nýju fyrirkomulagi á leiðbeinendanámi þá verði fleiri starfandi við hundaskólann á næstunni og þar með ætti að verða aukning á tekjum í framhaldi af því. Launakostnaður hefur líka hækkað hjá starfsmönnum skrifstofu.

Sigurður Benedikt Björnsson spurði hvaða ráðstafanir hefðu verið gerðar til að ekki yrði tap áfram. Jóna svaraði að hækkan gjaldskrár ætti að taka á þessu.

### **4. Skýrsla um starfsemi síðanefndar.**

Fundarstjóri sagði frá starfsemi síðanefndar. Tvö mál bárust til síðanefndar á árinu og var báðum vísað frá.

### **5. Starfs- og fjárhagsáætlun stjórnar.**

Jóna fór yfir tillögu að fjárhagsáætlun en sagði að starfsáætlun hefði komið að mestu fram í skýrslu stjórnar og hún myndi ekki endurtaka það.

#### **Umræður:**

Magnús Jónatansson spurði fundarmenn hvort að einhver hefði hugmyndir að fjáröflunarleiðum fyrir HRFÍ.

Sigurður Benedikt Björnsson sagði að hann hefði þurft í norrænum retrieverklúbbi að greiða aukalega gjald þegar klúbburinn átti í erfiðleikum. Hann lagði til að allir fengju auka gíróseðil upp á kr. 2000.

Margrét Dögg Halldórsdóttir lagði til að greiðslan yrði valfrjáls.

Magnús vildi bæta við tillöguna að gjaldið yrði kr. 1.000. Þá væru auknar líkur á að fleiri myndu greiða.

## 6. Lagabreytingar

Fundarstjóri las upp lagabreytingar sem borist hafa. Breytingartillögur hafa borist við 5. gr um félagsaðild og 7. gr. um kosningarétt og kjörgengi.

Tillaga um félagsaðild. 5. gr. Félagsmenn geta allir þeir orðið sem áhuga hafa á málefnum HRFÍ og eru ekki félagsmenn í öðrum félögum sem vinna á móti HRFÍ og markmiðum þess, hafa ekki gerst sekir um illa meðferð á dýrum eða á annan hátt vanvirt markmið félagsins eða skaðað orðstýr þess.

7. gr. Kosningarétt og kjörgengi hafa þeir sem hafa greitt fullt félagsgjald fyrir það ár sem aðalfundur er haldinn á. Félagsgjald skal félagsmaður sannanlega hafa greitt á síðasta virka degi fyrir aðalfundinn.

Jóna kom með greinargerð um breytingartillögu stjórnar

Á fundinum barst frávísunartillaga við báðar þessar tillögur frá Guðjóni

Arinbjarnarsyni um að báðum tillögnum yrði vísað frá.

Karen Gísladóttir óskaði eftir því að tillögur til lagabreytinga lægju frammi á aðalfundi eða færu inn á veraldarvefinn fyrir aðalfund þannig að félagsmenn gætu kynnt sér þær.

Guðjón dróg tillögu sína til baka, sagði hann byggða á misskilningi.

Hrund bar tillögu stjórnar upp og var tillagan samþykkt með einu atkvæði á móti. Þar með féll fyrri tillagan sjálfkrafa.

Fundarstjóri las upp tillögur stjórnar varðandi 3. og 8. gr. sem að mestu eru orðalagsbreytingar. Hún bar tillögurnar upp og voru þær samþykktar samhljóða

3. gr. Verða ársreikningar félagsins ásamt skýrslum löggilts endurskoðanda og félagskjörinna skoðunarmanna fyrir síðast liðið ár, lagðir fram til staðfestingar.

8. gr. Kosning tveggja félagskjörinna skoðunarmanna og tveggja til vara.

Fundarstjóri las upp lagabreytingartillögu sem barst of seint. Hún fjallaði um að tekin verði upp utankjörfundaratkvæðagreiðsla fyrir meðlimi hundaræktarfélagsins væri leyfð á aðalfundi. Guðríður Magnúsdóttir sendi tillöguna. Fundarstjóri vísar tillögunni til stjórnar til afgreiðslu.

## 7. Stjórnarkjör

Úr stjórn ganga Jóna Th. Viðarsdóttir, Margrét Kjartansdóttir, aðalmaður, Þorsteinn Kristinsson, aðalmaður og Gunnlaugur Valtýsson, varamaður. Í framboði til stjórnar eru: Jóna Th. Viðarsdóttir til formanns, Margrét Kjartansdóttir, Gunnlaugur Valtýsson til aðalstjórnar og Björn Ólafsson í kjöri til aðal- og varastjórnar.

Björn Ólafsson dró framboð sitt sem aðalmaður til baka og gefur kost á sér sem varamaður. Þar með þurfti ekki að kjósa og eru frambjóðendur sjálfskjörnir.

Kosning tveggja endurskoðanda. Aðalmenn: Þorsteinn Þorbergsson og Kristín Sveinbjörnsdóttir. Varamenn: Gunnar B. Gunnarsson og Margrét Dögg Halldórsdóttir. Samþykkt.

Kosning í siðanefnd. Eftirfarandi aðilar gefa kost á sér: Guðmundur Helgi, Auður Valgeirsdóttir, Kristín Jónasdóttir, Þórdís Bjarnadóttir og Þorsteinn Þorbergsson. Samþykkt.

## 8. Önnur mál

Fundarstjóri les upp reglugerðarbreytingu sem lögð er fyrir aðalfund. Fundurinn leggur til að breytingar verði gerðar á reglum fuglahundardeildar í HRFÍ um veiðipróf. Ólafur E. Jóhannsson fjallaði um tillöguna. Hann sagði að verið væri að endurskoða reglur um veiðipróf hjá fuglahundadeild og það væri staðurinn til að fjalla um ofangreinda tillögu. Hann lagði til að tillögunni yrði vísað frá.

Vilhjálmur Ólafsson óskaði eftir að taka til máls um tillöguna. Fundarstjóri sagði að bera ætti fram frávísunartillögu strax án umræðu. Hún bar það undir fundinn hvort Vilhjálmur Ólafsson fengi að gera grein fyrir tillögu sinni. Samþykkt með einhverjum mótatkvæðum.

Vilhjálmur sagði að tillagan væri borin fram til að svæðafélög gætu sett upp veiðipróf úti á landsbyggðinni. Eins og staðan væri í dag væri þetta ekki hægt. Vilhjálmur taldi að laga þyrfti þessar reglur. Hann lagði fram eftirfarandi tillögur: Opna verði leið í veiðiprófum þannig að svæðafélög eins og svæðafélag Norðurlands geti haldið sín veiðipróf

Ólafur E. Jóhannsson taldi að ekki þyrfti að bera upp tillögu um að veiðipróf úti á landi.

Magnús Jónatansson spurði fundarmenn hvort að allir skildu um hvað málið fjallaði.

Margir fundarmenn gáfu til kynna að þeir vissu ekki um hvað málið fjallaði.

Ragnar sagði að fuglahundadeild ynni frábært starf og ekki þyrfti að ræða það frekar.

Fundarstjóri lagði fram frávísunartillögu Ólafs. Frávísunartillagan samþykkt með þremur mótatkvæðum.

Sigurður Benedikt Björnsson lagði fram eftirfarandi tillögu: Aðalfundur HRFÍ veitir stjórn heimild til að senda félagmönnum auka gíróseðil til að auka rekstrartekjur HRFÍ. Lagt er til að upphæðin verði allt að kr. 2000.

Samþykkt samhljóða.

Björn Ólafsson lagði til að HRFÍ kæmi að jákvæðum málefnum eftir aðalfund með því að senda ályktun til fjölmiðla. Hann hefur samið ályktun fyrir fundinn. Tillagan hljóðar svo: HRFÍ skorar á alla hundaeigendur að virða lög og reglur um hundahald, sérstaklega að vera ekki með hunda sína á fjölmönnum samkomum svo sem 17. júní og Menningarnótt Reykjavíkurborgar og aðrar slíkar samkomur, þar sem hundar verða oft fyrir áreiti á fjölmönnum samkomum. Fundarstjóri bar tillögunu upp og var hún samþykkt samhljóða.

Lilja Dóra Halldórsdóttir lagði fram erindi frá stjórn fjár- og hjarðhundadeildar um að stjórn tæki til umfjöllunar breytingar á sýningarreglum. Hún lagði til að allir rakkar/tíkur með meistaraefni myndu safnast saman um keppni um bestu tík og besta hund tegundar. Hún lagði einnig til að tekinn yrði upp titillinn íslenskur sýningarmeistari aftur og hann aðgreindur frá öðrum meistaratitlum s.s. veiðimeistara eða öðrum titlum sem tengjast vinnuprófum. Hún lagði einnig til að vinnuprófsreglur yrðu endurskoðaðar í samræmi við eiginleika tegunda og í samstarfi við stjórnir deilda.

Sigurður Benedikt Björnsson spurði hvort að ætlunin væri að taka út vinnuprófsárangur.

Lilja Dóra svaraði því til að það væri ekki ætlunin. Við myndum áfram halda okkur við þær reglur sem FCI setur varðandi alþjóðlega titla.

Fundarstjóri las upp tillögu frá papillon eigendum um að stofnuð yrði sérdeild fyrir hunda af papillon kyni. Tillagan er studd af stjórn HRFÍ og vísindanefnd HRFÍ. Nokkrar umræður urðu um málið s.s. af hverju verið væri að stofna sérdeild og ágreiningur um hvernig staðið hefði verið að málum varðandi stofnun deildarinnar. Þessir tóku til máls: Anna Flygering, Sigríður, Ásta María Guðbergsdóttir og Erling Erlingsson.

Fram kom breytingartillaga frá Erling Erlingssyni. Breytingartillagan hljóðar svo: Aðalfundur HRFÍ 2007 samþykkir að papillon deild verði stofnuð en félagsfundur verði haldinn innan 30 daga og kjósi nýja stjórn. Löglega verði boðað til fundarins.

Fundarstjóri kynnti tillögu um stofnun mjóhundadeildar fyrir hundakyn í tegundahópi 10. Samþykkt samhljóða.

Jóninna Hjartardóttir tók til máls og sagðist beina orðum sínum til stjórnar. Hún fjallaði m.a. um að við þyrftum að vinna saman ef við ætlum að halda utan um góða ræktun í landinu. Jóninna var ósátt við nýjar reglur retrieverdeildar varðandi ræktun undan hundum sem hefðu greinst PRA berar. Einnig óskaði hún eftir að reglum retrieverdeildarinnar yrði breytt þannig að retrieverhundar gætu farið í ýmiss konar vinnupróf ekki bara veiðipróf til að öðlast íslenskan meistaratitil.

Fundarstjóri bar upp tillögu um stofnun papillondeildar og breytingartillögu sem fram kom á fundinum. Breytingartillagan samþykkt með einu móttakvæði.

Fundarstjóri óskaði nýkjörinni stjórn til hamingu og lagði áherslu á að við ynum saman í framtíðinni.

Ragnar Sigurjónsson fjallaði um markaðssetningu félagsins og taldi að betur mætti vinna á þeim vettvangi.

Jóna Th. Viðarsdóttir sagði að Ragnar væri kjörinn til að taka þetta verkefni að sér. Hún benti fólki á að ársfundir deilda væru til að ræða málin og þeir væru sorglega fámennir. Hún sagðist hlakka til að vinna áfram fyrir HRFÍ með nýrri stjórn og sæi fram á bjarta tíma.

Fundi slitið kl. 13:30

Sigríður Bílddal